



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um dagskrárvald í borgarráði.

Á fundi borgarráðs 4. júlí 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir svörum við því hvort búið er að taka dagskrárvaldið af kjörnum fulltrúum í borgarráði í ljósi neðangreinds. Það er sérlega alvarlegt þar sem borgarstjórn er í sumarleyfi og borgarráð fer með valdheimildir borgarstjórnar á meðan. Þetta er skýrt brot á samþykktum Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Miðflokksins hefur í þrí- eða fjórgang óskað eftir að koma á dagskrá ráðsins úrskurði sveitastjórnarráðuneytisins frá 15. mars s.l., sem úrskurðaði að álagning vatnsgjalds hjá Orkuveitu Reykjavíkur var ólögmæt. Einnig var dagskrárbeiðninni fylgt eftir á þann hátt að óskað var eftir að ábyrgðaraðilar OR kæmu til fundar við borgarráð. Ekki hefur orðið við þessari beiðni og það kynnt í tölvupósti að formaður borgarráðs hafi ákveðið að fresta þessum dagskrárlið til haustsins. Þetta eru þöggunartilburðir. Í annan stað óskaði borgarfulltrúi Miðflokksins eftir því að aktívistaaðgerðir vinnuskólans fyrir ólöggráða börn yrðu á dagskrá borgarráðs í dag. Eins og flestir vita fór vinnuskólinn af stað með verkefni er snéri að því að kenna börnum að útbúa mótmælaspjöld og leiða þau í mótmælagöngu á vinnutíma. Þessari tillögu var vísað til aukafundar í umhverfis- og heilbrigðisráði þar sem fulltrúar allra flokka sem kjörnir eru í borgarstjórn eiga ekki sæti. Þetta eru líka þöggunartilburðir.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að það er formaður borgarráðs sem undirbýr borgarráðsfundi í samráði við borgarstjóra. Formaður borgarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarráðs. Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í borgarráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Í samþykktinni er einnig fjallað um verkefni borgarráðs en það fer ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Borgarráð hefur umsjón með stjórnslu borgarinnar og undirbúningi fjárhagsáætlana, fjallar um frumvarp að fjárhagsáætlun borgarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja og leggur það fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Borgarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra mála samkvæmt fjárhagsáætlun. Þá sér borgarráð um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Fulltrúar í borgarráði geta lagt fram tillögur og fyrirspurnir auk þess sem þeir geta óskað eftir kynningum eða umfjöllun um einstaka málefni sem heyrir undir ráðið. Með vísan til ofangreindra ákvæða í samþykktinni er það ljóst að það er skýrt hlutverk formanns borgarráðs að undirbúa fundi fundi ráðsins þ.m.t. hvenær einstaka mál fara á dagskrá, m.a. með tilliti til málafjölda, lengda funda og ekki síst þess undirbúnings sem fram þarf að fara áður en unnt er að taka bindandi ákvörðun á vettvangi þess. Það er formanns borgarráðs að ákveða hvort aflu þarf gagna áður en mál fer á dagskrá, hvort það þurfi sérstaka kynningu og þá frá hverjum o.s.frv.

Ef fulltrúi í borgarráði er ósáttur við undirbúning og/eða dagskrá ráðsins þá hefur hann þau réttindi sem honum eru tryggð með ákvæðum sveitarstjórnarlaga og í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þ.e. bæði málfrelsi og tillögurétt. Hann á einnig rétt á því að leggja fram bókun um málið. Fulltrúi í borgarráði getur einnig óskað eftir formlegum úrskurði formanns borgarráðs og að hann verði borinn undir borgarráð. Einnig getur borgarfulltrúi tekið hvaða mál sem er til umræðu á vettvangi borgarstjórnar sem er opin málstofa allra borgarfulltrúa.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
formaður borgarráðs